

Stúdentaráðsfundur			
Dags. fundar 19.10.23	Tími 17:00	Staður HT - 102	Nr. fundar 5
Fundarboðandi Rakel Anna Boulter	Fundarritarar Guðmundur Ásgeir Guðmundsson og Rannveig Klara Guðmundsdóttir	Dags. rituð 19.10.23	
Fundaraðilar mættir:			
<u>Félagsvísindasvið:</u>			
Arna Dís Heiðarsdóttir (Röskva)			
Danfel Hjörvar Guðmundsson (Vaka)			
Júlíus Viggó Ólafsson (Vaka)			
Kristmundur Pétursson (Röskva)			
Emilía Björt Írisard. Bachmann (Röskva)			
<u>Heilbrigðisvísindasvið:</u>			
Brynja Maía Bragadóttir fyrir Sigríði Helgu Kárdal Ásgeirsdóttur (Röskva)			
Daniel Thor Myer (Röskva)			
Elísabet Sara Gísladóttir (Vaka)			
<u>Hugvísindasvið:</u>			
Guðni Thorlacius (Röskva)			
Geir Aðalsteinnsson (<i>Teams</i>) fyrir Júlíu Karín Kjartansdóttur (Röskva)			
Steinunn Kristín Guðnadóttir (Röskva)			
<u>Menntavísindasvið:</u>			
Tanja Sigmundsdóttir (Röskva) – <i>mætti 17:25</i>			
Dagbjört Ósk Jóhannsdóttir (Röskva)			
Alex Eli Schweiz Jakobsson fyrir Júlíönu Dögg Önnudóttur Chipa (Vaka)			
<u>Verkfræði og náttúruvísindasvið:</u>			
María Rós Kaldalóns (Röskva)			
Fjola María Sigurðardóttir, varafulltrúi fyrir Davíð Ásmundsson (Röskva)			
Eiður Snær Unnarsson (Vaka) – <i>mætti 17:25</i>			
<i>Aðrir (án atkvæðisréttar)</i>			
Rakel Anna Boulter, forseti SHÍ			
Rannveig Klara Guðmundsdóttir, Hagsmunafulltrúi SHÍ (ritari)			
Gísli Laufeyjarson Höskuldsson, lánaþjófurfulltrúi SHÍ			
Guðmundur Ásgeir Guðmundsson, framkvæmdastjóri SHÍ (ritari)			
Linda Rún Jónsdóttir			
Kristrún Vala Ólafsdóttir			
Ólöf Soffía Eðvarðsdóttir			
Kolbrá Brynjarsdóttir			
Sigurbjörg Guðmundsdóttir			
Arent Orri Jónsson			
Fundarmenn fjarverandi og án varafulltrúa:			
<u>Félagsvísindasvið:</u>			
<u>Heilbrigðisvísindasvið:</u>			
<u>Hugvísindasvið:</u>			
<u>Verkfræði- og náttúruvísindasvið:</u>			
<u>Menntavísindasvið:</u>			

Fundardagskrá

Stúdentaráðsfundur 19.október 2023 í stofu HT 102

1. Forseti Stúdentaráðs setur fund 17:00-17:05
The President of the Student Council convenes the meeting
2. Fundargerð síðasta fundar Stúdentaráðs þann 20. september borin upp til samþykktar
(*atkvæðagreiðsla*) 17:05-17:10
Vote on minutes from the Student Council meeting on september 20th
 - a. Fundargerð frá síðasta fundi er borin upp til samþykktar. Séu Stúdentaráðsliðar með athugasemdir skal senda á shi@hi.is fyrir fund svo framkvæmdastjóri geti tekið það til greina. Einnig má koma með athugasemdir á fundinum.
 - b. Fundargerð má finna í fundargögnum.
3. Eftirstandandi tilnefningar í nefndir og sviðsráð Stúdentaráðs (*atkvæðagreiðsla*) 17:10-17:15
Remaining nominations for the Student Council's schools and committees (voting)
 - a. Kosið verður í þær stöður sem voru eftir frá kjörfundi, í sviðsráð Hugvísindasviðs
4. Tilkynningar og mál á döfinni 17:15-17:30
Announcements and issues ahead
 - a. Vísindaferðir Stúdentaráðs: Eru í fullum gangi.
 - b. Vinnustofa um MSNM: Kjörnu fulltrúar skrifstofu SHÍ sóttu vinnustofu um endurskoðun laga um Menntasjóðinn miðvikudaginn 4. október. Sagt verður frá vinnustofunni og næstu skrefum í baráttunni fyrir bættu námslánakerfi.
 - c. Starfsemi skrifstofu: Stúdentablaðið kemur út 20. október. Lánasjóðsfulltrúi heimsótti HA. Búið að skrifa undir samning við Landsbankann. Íþróttaskólinn byrjaður. Nana, alþjóðafulltrúi SHÍ og Sigríður Helga, Aurora fulltrúi SHÍ fóru til Tékklands á Aurora bianual ráðstefnu.
 - d. Stjórn Stúdentaráðs: Sagt frá síðastu fundum stjórnar og því sem þar fór fram.
 - e. Samráð við stjórnvöld: Fulltrúaráð LÍS sendi ráðuneyti háskólamála lista yfir tvo fulltrúa frá stúdentafélagi hvers skóla sem koma til með að sækja reglulega samráðsfundi í vetur.
 - f. Staða mála varðandi afstöðu SHÍ um nýja reiknilíkanið: Skýrsla frá ráðuneytinu er komin í samráðsgátt. Rætt um næstu skref SHÍ.
 - g. LÍS
5. Félagsstofnun stúdenta - Guðrún Björnsdóttir, framkvæmdastjóri FS kynnir ársreikning FS. Fulltrúar stúdenta í stjórn FS sitja fyrir svörum: Elísabet Herdísar Brynjarsdóttir, Pétur Marteinn Urbancic Tómasson og Brynhildur Bolladóttir (*kynning og umræður*) 17:30-18:15
Icelandic student services - Guðrún Björnsdóttir, CEO (presentation and discussion)
6. Tillaga um Aukið gagnsæi í rekstri Félagsstofnun stúdenta - Júlíus Viggó Ólafsson 19:15-19:25

*Proposal for increased transparency in the operation of the Icelandic student services -
Júlíus Viggó Ólafsson*

7. Fjárhagsáætlun SHÍ 2023-24 kynnt - Guðmundur Ásgeir Guðmundsson, framkvæmdastjóri
SHÍ (atkvæðagreiðsla) 18:15-18:30
*SHÍ's financial budget 2023-24 presented - Guðmundur Ásgeir Guðmundsson, SHÍ's
managing director*
Hlé 18:30-18:40 - Intermission
8. Erindi um fjárhagsstöðu stúdenta í ljósi endurskoðunar á lögum um Menntasjóðs námsmanna
- Gísli Laufeyjarson Höskuldsson, Lánasjóðsfulltrúi SHÍ (*umræður og atkvæðagreiðsla*)
18:40-18:50
*Comment on the financial situation of students in light of the revision of the law on the
Student Education Fund (voting) - Gísli Laufeyjarson Höskuldsson, SHÍ Loan Fund
representative*
9. Niðurstöður stefnumótunardags - framkvæmdaáætlanir fastanefnda (*umræður og*
atkvæðagreiðsla) *18:50-19:05*
Vote on the Student Council's committees implementation plans
 - a. Lagabreytinganefnd
 - b. Fjölskyldunefnd
10. Niðurstöður stefnumótunardags - skýrsla (*umræður*) *19:05-19:15*
 - a. Sérstaklega farið yfir áherslur Stúdentaráðs í stefnu háskólans, HÍ26
11. Tillaga um sjötta meðlim Fjármála- og atvinnulífsnefndar - Danival Örn Egilsson *19:25-
19:35*
*Proposal for a sixth member of the Finance and Economic Affairs Committee - Danival Örn
Egilsson*
12. Tillaga um að reglugerðir um salerni verði uppfærð - Kristmundur Pétursson og Rannveig
Klara Guðmundsdóttir *19:35-19:45*
*Proposal to update toilet regulations - Kristmundur Pétursson og Rannveig Klara
Guðmundsdóttir*
13. Önnur mál *19:45-20:00*
Other issues
14. Bókfærð mál
Recorded issues
15. Fundi slitið *20:00*
Meeting ends

1. Forseti Stúdentaráðs setur fund 17:00-17:05
2. Fundargerð síðasta fundar Stúdentaráðs þann 20. september borin upp til samþykktar (atkvæðagreiðsla) 17:05-17:10
 - a. Einróma samþykkt.
3. Eftirstandandi tilnefningar í nefndir og sviðsráð Stúdentaráðs (atkvæðagreiðsla)
 - a. Rakel Anna, forseti fer fram á svohljóðandi bókun:
 - a. *Ég lýsi yfir áhyggjum mínum í ljósi þess að enn hefur ekki tekist að finna fulltrúa til að taka sæti í Sviðsráði Hugvísindasviðs fyrir hönd Vöku. Það er hlutverk fylkingarinnar að uppfylla það sæti sem þeim hefur verið úthlutað.*
4. Tilkynningar og mál á döfinni
 - a. **Vísindaferðir Stúdentaráðs:** Eru í fullum gangi.
 - b. **Vinnustofa um MSNM:** Kjörnu fulltrúar skrifstofu SHÍ sóttu vinnustofu um endurskoðun laga um Menntasjóðinn miðvikudaginn 4. október. Sagt verður frá vinnustofunni og næstu skrefum í baráttunni fyrir bættu námslánakerfi.
 - a. *Efnið var þríþrætt.*
 1. *Hvað finnst ykkur að úthlutunarreglum?*
Hvað finnst ykkur að lögnum?
Ef þið mættuð velja eitthvað eitt til að sleppa – hvað væri það?
 - c. **Starfsemi skrifstofu:** Stúdentablaðið kemur út 20. október. Lánasjóðsfulltrúi heimsótti HA. Búið að skrifa undir samning við Landsbankann. Íþróttaskólinn byrjaður. Nana, alþjóðafulltrúi SHÍ og Sigríður Helga, Aurora fulltrúi SHÍ fóru til Tékklands á Aurora biannual ráðstefnu. *Við þetta má bæta að búið er að opna fyrir umsóknir í Stúdentasjóð, sem er mikið fagnaðarefni.*
 - d. **Stjórn Stúdentaráðs:** Sagt frá síðasta fundi stjórnar og því sem þar fór fram.
 - e. **Samráð við stjórnvöld:** Fulltrúaráð LÍS sendi ráðuneyti háskólamála lista yfir tvo fulltrúa frá stúdentafélagi hvers skóla sem koma til með að sækja reglulega samráðsfundi í vetur.
 - f. **Staða mála varðandi afstöðu SHÍ um nýja reiknilíkanið:** Skýrsla frá ráðuneytinu er komin í samráðsgátt. Rætt um næstu skref SHÍ.
*Rakel Anna: Ég sé fram á að skrifa umsögn um þessa skýrslu. Ýmislegu hægt að fagna en ýmislegt sem þarf að gagnrýna. Umsagnarfræstur um þetta er til 12. nóvember. Þar sem að næsti stúdentaráðsfundur er ekki skipulagður fyrr en 14. nóvember hef ég verið að gæla við hugmyndina um að halda fundinn viku fyrr. Ef ekki verður þetta afgreitt í rafrænni atkvæðagreiðslu. *Forseti fer yfir fyrirkomulag rafrænnar atkvæðagreiðslu*.*

Ekki hika við að leita til mín með þetta ef það eru spurningar eða pælingar.

g. LÍS

- a. LÍS hefur verið með herferð í gangi, undir heitinu Mennt var máttur, sem á að sýna hvernig heimurinn gæti orðið ef að MSNM styður ekki betur við stúdenta. Höfum ekki heyrt annað en að þetta hafi gengið vel.
- b. Fulltrúaráðsfundur LÍS fór fram 2. október. Undirbúningur fyrir vinnustofu um MSNM var þar til umræðu, auk þess var fjallað um ívilnanir námslána og nýtt fjármögnunarlíkan. Einnig kom til umræðu að LÍS myndi gera umsögn um breytingu á barnastyrkjakerfinu.

Dagskrárbreytingartillaga. Rakel Anna, forseti ber upp tillögu að færa dagskrárlíð 7. fram og taka hann fyrir núna, þar sem dagskrá er á undan áætlun.

Atkvæðagreiðsla.

Einróma samþykkt með 15 atkvæðum.

Eiður Snær Unnarsson og Tanja Sigmundsdóttir mæta 17:25

5. (áður líður 7) Fjárhagsáætlun SHÍ 2023-24 kynnt - Guðmundur Ásgeir Guðmundsson, framkvæmdastjóri.

- a. Mælendaskrá opnuð:

- a. Umræður

1. **Guðni:** Er eðlilegt að Kahoot kostar 3000krónur?

2. **Guðmundur:** Mánaðraáskrift að Kahoot kostar u.þ.b. 3000kr. Á mánuði og við þurftum Atkvæðagreiðsla

Einróma samþykkt með 17 atkvæðum.

6. Félagsstofnun stúdenta - Guðrún Björnsdóttir, framkvæmdastjóri FS kynnrir ársreikning FS.

Fulltrúar stúdenta í stjórn FS sitja fyrir svörum: Elísabet Herdísar Brynjarsdóttir, Pétur Marteinn Urbancic Tómasson og Brynhildur Bolladóttir

- a. Guðrún fer yfir hverja rekstrardeild fyrir sig (Stúdentagarðarnir, Stúdentakjallarinn, Bóksala Stúdenta og Leikskólarnir)

- b. Brynhildur og Pétur, fulltrúar stúdenta í stjórn FS kynna sig fyrir SHÍ – Elísabet stjórnarformaður er veik.

- c. Mælendaskrá opnuð:

- a. Umræður

7. Tillaga um aukið gagnsæi í rekstri Félagsstofnun stúdenta - Júlíus Viggó Ólafsson

- T I L L A G A -

Aukið gagnsæi í rekstri Félagsstofnun stúdenta

Sóst er eftir því að SHÍ beiti sér fyrir því að Félagsstofnun stúdenta (FS) birti ársreikninga sína á heimasíðu stofnunarinnar. Einnig er sóst eftir því að FS sundurliði rekstrartölur eftir rekstrareiningum, þ.e.a.s. langtímaleigustarfsemi á stúdentagörðum, skammtímaleigustarfsemi Student Hostel, starfsemi Hámu, starfsemi Stúdentakjallarans, starfsemi leikskóla FS og hverjum öðrum rekstri sem FS kann að vera í sé aðgengileg stúdentaráðsliðum á skrifstofu stúdentaráðs.

- R Ö K S T U Þ N I N G U R -

Eins og stendur í dag eru ársreikningar FS ekki birtir opinberlega heldur einungis kynntir árlega á opnum auglýstum stúdentaráðsfundi. Þó er hægt að óska eftir samandregnum ársreikningi yfir allan rekstur FS líkt og stjórnarmeðlimur Vöku gerði fyrir á árinu í tölvupóstsamskiptum við upplýsingafulltrúa FS.

Síðustu ársreikningar FS sem stjórnarmeðlimur Vöku fékk í hendur eru ekki sundurliðaðir eftir rekstrareiningum og innihalda aðeins tvo tekjuliði, „sölu og leigutekjur“ og „skráningargjöld.“ Í þeim eina ársreikningi sem stjórnarmeðlimur Vöku fékk í hendurnar þar sem tekjuliðir eru sundurliðaðir eftir rekstri (2021-2022) eru upplýsingar ekki lesanlegar vegna excel galla (#REF!) Með þessu fyrirkomulagi er erfitt að greina hvað gengur vel og illa í rekstri stofnunarinnar.

Vaka sækist eftir aukinni upplýsingagjöf frá FS í ársreikning milli rekstrareininga. Það er okkar mat að frekari sundurliðun á rekstrarreikningi milli rekstrareininga muni setja SHÍ í betri stöðu til að sækja sér álit sérfræðinga um stöðu rekstrareininga á vegum FS sem snúa að stúdentum.

Það er skoðun Vöku að allar rekstrareiningar FS eigi að leita ýtrustu leiða til að hagræða rekstrareiningum sínum sem síðan eigi að skila sér til stúdenta í lægra vöruverði og leigu á stúdentagörðum. Það má samt sem áður færa rök fyrir því að sökum eðlis rekstrar FS sé takmarkaður hvati innan FS til að ráðast í allsherjar endurmat á hagkvæmni rekstrareininga.

Vegna viðkvæmrar stöðu stúdenta gagnvart Hámu sökum einokunarstöðu hennar er aukin upplýsingagjöf gríðarlega mikilvæg til þess að SHÍ geti lagt mat á stöðu reksturs og þar með gætt hagsmuna stúdenta.

Með auknu aðgengi að upplýsingum um rekstur FS er hægt að sjá betur hvernig rekstur stofnunarinnar gengur og er háttað. Með því móti væri hægt að koma betur auga á tækifæri til betrubóta í rekstri stofnunarinnar sem gæti skilað sér beint í betri kjörum fyrir stúdentum í HÍ, sem eiga aðild að stofnuninni.

b. Mælendaskrá opin:

- a. **Dagbjört:** Verðlagning – Sjoppuverð á Ísafirði er bara frekar dýrt og því finnst mér persónulega Háma vera ódýr og ég er sátt með hana.
- b. **Eiður:** Háma er dýr, í VRÍI er smáverðslun þar sem vörur eru keyptar í Bónus en eru samt á lægra verði en Háma þrátt fyrir að það sé líka greiddur launakostnaður.
- c. **Arna:** Voða erfitt að koma með svona rök án þess að koma með sundurliðun og gögn sem liggja að baki..
- d. **Eiður:** Punkturinn var bara ætlaður til að gera grein fyrir því hversu dýr Háma er.
- e. **Arna:** Við þurfum að vita allar forsendur fyrir þessari fullyrðingu til að við getum tekið hana til greina. Mögulega ekki umræðuefnið til að fara í. Mér fannst rökin á verðlagningunni sem hún kom með frekar skýr. Það er þó mögulega snjallt að hafa aðgang að þessum tölum í einhverju formi.
- f. **Daniel:** Mér finnst skýr ástæða á verðlagningunni.
- g. **Steinunn:** Langar að minnast á að það er ekki beint það sama að ræða hvort að Háma sé dýr eða hvort það eigi að birta upplýsingarnar.
- h. **Júlíus:** Nákvæmlega rétt sem Steinunn bendir á. Skulum ekki týna okkur í þessari umræðu. Þetta er eitthvað sem við heyrum dags daglega. Við viljum bara gagnsæi – skrásetningargjöldin okkar renna til dæmis að hluta til í FS og þess vegna gengur tillagan út á það að það sé einhver séns fyrir okkur að fá gagnsæi á rekstri Hámu t.d. Ég sé ekki hvernig þetta er hættulegt eða ógni stöðu FS á samkeppnismarkaði.
- i. **Arna:** #REF! Gallinn er líklega mjög lítið vesen fyrir starfsmenn FS til að græja fyrir ykkur, spurðuð þið út í það?
- j. **Júlíus:** Þetta er í raun bara hluti af rökstuðningnum
- k. **Júlíus:** Annað varðandi rökstuðning – við höfum ekki tölur. Við höfum bara það sem við höfum þannig við verðum að vinna með það sem við höfum, erum að bregðast við því sem við heyrum frá fólkinu í kringum okkur.
- l. **Arna:** Ég er hlynnt því að stúdentar hafi aðgang að þessu skjali á skrifstofu.

Arna leggur fram eftirfarandi breytingatillögu:

Sóst er eftir því að SHÍ beiti sér fyrir því að Félagsstofnun stúdenta (FS) birti ársreikninga sína á heimasíðu stofnunarinnar. Einnig er sóst eftir því að ~~FS sundurliði rekstrartölur eftir rekstrareiningum, þ.e.a.s. langtímaleigustarfsemi á stúdentagörðum, skammtímaleigustarfsemi Student Hostel, starfsemi~~

~~Hámu, starfsemi Stúdentakjallarans, starfsemi leikskóla FS og hverjum öðrum rekstri sem FS kann að vera í sundurliðaðir ársreikningar~~ séu aðgengilegir stúdentaráðsliðum á skrifstofu stúdentaráðs.

Atkvæðagreiðsla:

11 samþykkt – *Fjóla, María, Dagbjört, Tanja, Geir, Guðni, Daniel, Brynja, Kristmundur, Emilía, Arna.*

1 sat hjá - *Steinunn*

5 á móti – *Daníel, Júlíus, Eiður, Alex og Elísabet.*

- a. Atkvæðagreiðsla um samþykkt tillögunnar

Einróma samþykkt með 17 atkvæðum.

8. *Hlé 18:30-18:40 – Intermission*

9. Erindi um fjárhagsstöðu stúdenta í ljósi endurskoðunar á lögum um Menntasjóðs námsmanna

- Gísli Laufeyjarson Höskuldsson, Lánasjóðsfulltrúi SHÍ

- a. *Rakel Anna bætir því við að þetta sé í raun skriflegt svar við vinnustofunni 4. október.*

b. Mælendaskrá opin:

- a. **Júlíus:** *Þannig að við erum að senda þetta í tölvupósti á fjármálaráðuneytið, HVIN ráðuneytið og Guðrínu?*

b. **Gísli:** *Já og gefa þetta út í student.is.*

c. **Kristmundur:** *Mér finnst þetta afskaplega vel unnið plagg og vona að þau sem lesi þetta njóti til hins ítrasta.*

d. Atkvæðagreiðsla

16 samþykkt

Júlíus situr hjá.

10. Niðurstöður stefnumótunardags - framkvæmdaáætlanir fastanefnda

a. Lagabreytinganefnd

a. Forseti lagabreytingarnefndar, Arent Orri, fer yfir framkvæmdaáætlunina.

b. Opnað fyrir mælendaskrá:

1. **Kristmundur:** *Ætlið þið að skoða hvort það þurfi að uppfæra löginn?*

2. **Arent:** *Eftir stúdentasjóðsbreytingar fannst okkur ljóst að það var kominn tími til samræma orðalag og fleira. Þannig jú, það þarf að byrja á því að gera úttekt áður en við liggjum í valnum.*

3. **Guðni:** *Hvenær voru löginn síðast endurskoðuð?*

4. **Rakel Anna:** *Þau voru endurskoðuð síðast 2020.*

5. **Arent:** Vinnan snýst um að rýna í lögin og gá að því hvort að hægt sé að samræma lögin, gera þau einfaldari og kjarna þessu.

c. Atkvæðagreiðsla

Einróma samþykkt með 17 atkvæðum.

b. Fjölskyldunefnd

a. Forseti fjölskyldunefndar – Linda Rún – fer yfir framkvæmdaáætlunina.

b. Mælendaskrá opin:

c. Atkvæðagreiðsla

Einróma samþykkt með 17 atkvæðum.

11. Niðurstöður stefnumótunardags - skýrsla

a. Sérstaklega farið yfir áherslur Stúdentaráðs í stefnu háskólans, HÍ26

b. Opið fyrir mælendaskrá:

a. *Rakel Anna: Ástæðan fyrir því að þetta er tekið fyrir núna í október í staðinn fyrir ágúst eru niðurstöður úr stefnu Stúdentaráð varðandi HÍ26 sem við höfum verið að vinna úr. Við sendum niðurstöðurnar áleiðis á stjórnendur HÍ. Þau voru mjög ánægð með þessa vinnu. Það sem ég mun gera til að fylgja þessu eftir er að fara á akkerisfund með þetta efni og tala okkar máli, leggja áherslu á að setja þessi atriði í forgang.*

12. Tillaga um sjötta meðlim Fjármála- og atvinnulífsnefndar - Danival Örn Egilsson

Júlíus ber upp tillögu um að opna mælendaskrá öllum viðstöddum

*Atkvæðagreiðsla: **Einróma samþykkt með 17 atkvæðum***

a. Sæþór Már Hinriksson flytur tillöguna.

*Stúdentaráðsfundur
19. október 2023*

**- T I L L A G A -
(6. meðlimur í nefnd F/A)**

Sóst er eftir því að taka inn 6. meðlim inn í Fjármála- og atvinnulífsnefnd.

- R Ö K S T U Þ N I N G U R -

Það eru tveir áhugasamir umsækjendur sem ég þekki vel, þeir eru báðir óháðir. Annan þeirra mun ég taka inn sem 5. meðlim í F/A, en tel ég jafnframt að með inntöku 6. aðila geti ég tryggt betri virkni í nefndinni en ella. Virkni í byrjun annar hefur ekki verið gríðarlega mikil. Virkni er eitt helsta vandamálið í nefndarvinnu og vil ég sem forseti tryggja hana eftir

fremsta megni. Ég tel mig tryggja ákveðna virkni við það að taka inn tvo einstaklinga sem ég þekki og sem hafa áhuga á að vinna þessa nefnd með mér .

F.h. Fjármála- og atvinnulífsnefndar,
Danival Örn Egilsson, forseti F/A

b. Opnað fyrir mælendaskrá:

1. **María:** Ég velti því fyrir mér – vanvirkir aðilar, er ekki bara hægt að vísa þeim úr nefndinni.
2. **Rakel Anna:** svarar að ekki sé hægt að reka nefndarmeðlimi.
3. Guðni fer fram á svohljóðandi bókun: „Ég fagna því að forseti fjármála- og atvinnulífsnefndar skuli beita sér fyrir aukinni virkni nefnda á vegum Stúdentaráðs, enda er erfitt að starfrækja fámenna nefnd, eins og við í sviðsráði Hugvísindasviðs þekkjum vel á eigin skinni! Ég velti þó fyrir mér forgangsröðun Vöku í þessum efnum enda hefur sæti þeirra skv. niðurstöðum kosninga í sviðsráði Hugvísindasviðs setið autt síðastliðna 5 mánuði (frá kjörfundi). Ég tel Vöku því sýna fram á áhugaleysi gagnvart vilja kjósenda enda þykir fylkingunni brýnna verkefni að bæta við sæti í fjármála og atvinnulífsnefnd (sem er þegar fullskipuð) en að fullskipa undirmannað sviðsráð Hugvísindasviðs”.
4. **Arna:** Að mínu mati samræmist þetta ekki beint lögum stúdentaráðs, þar sem kemur fram að 4 einstaklingar skulu vera kjörnir á kjörfundi og einum óháðum skuli vera bætt við. Þar sem tillagan barst ekki sem lagabreytingartillaga legg ég til að henni verði vísað frá.

13. Arna leggur til að tillögunni verði vísað frá

14. Atkvæðagreiðsla;

15. **12 samþykkt:** Steinunn, Geir, Fjóla, Emilía, Arna, Dagbjört, María, Brynja, Daniel, Guðni, Tanja, María,

5 á móti: Júlíus, Daníel, Eiður, Elísabet, Alex.

16. Tillögunni var því vísað frá

1. **Rakel Anna** leggur fram bókun: Ég kom eftirfarandi afstöðu minni á framfæri við nefndarforseta Fjármála- og atvinnulífsnefndar og tjáði honum sömuleiðis að ég myndi bera hana upp á þessum fundi ef tillagan yrði borin upp í óbreyttri mynd. Aukin afkastageta nefndarinnar er af hinu góða fyrir starfsemi Stúdentaráðs. Mér þykir

þó ófaglegt að val á fulltrúum í nefndina stafi af kunningjaskap umsækjenda við forseta nefndarinnar. Mikilvægt er að velja inn í nefndina með faglegum hætti, vel má vera að forseti nefndarinnar meti þessa einstaklinga hæfasta, en það þurfa að búa málefnaleg rök þar að baki.

17. Tillaga um að reglugerðir um salerni verði uppfærð - Kristmundur Pétursson og Rannveig Klara Guðmundsdóttir

a. Tillöguberar – Kristmundur og Rannveig flytja tillöguna.

Stúdentaráðsfundur

19. október 2023

- T I L L A G A -

um að skrifstofa Stúdentaráðs beiti sér fyrir því að reglugerðir um salerni verði uppfærðar með það að markmiði að fella út kröfur um að salerni skuli aðgreind eftir kyni.

- R Ö K S T U Þ N I N G U R -

Í 1. grein laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980 er kveðið á um að markmið þeirra sé að “ tryggja öruggt og heilsusamlegt starfsumhverfi, sem jafnan sé í samræmi við félagslega og tæknilega þróun í þjóðfélaginu”. Í 43. grein laganna er Stjórn Vinnueftirlits ríkisins falið að setja reglur um fyrirkomulag vinnustaða, þar á meðal reglur um salerni. Þetta er kveðið á um í reglum um húsnæði vinnustaða nr. 581/1995. Þar er tilgreindur lágmarksfjöldi salerna sem fer eftir fjölda starfsmanna. Þá er það svoleiðis í reglunum að þar sem starfa fimm karlar og fimm konur skuli salerni og snyrting fyrir hvort kyn aðgreind. Rökstuðning fyrir aðgreiningunni er ekki gott að finna en það má ætla að hann byggi á hefð sem undirrituð telja að sé ekki í samræmi við félagslega þróun í samfélaginu. Reglur þessar falla undir félags- og vinnumarkaðsráðuneytið.

Þá er reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002 undir umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu sem fjallar um salernisaðstöðu almennt. Hún kveður á um að við vissar aðstæður skuli salerni aðgreind fyrir konur og karla.

Það er hægt að færa rök fyrir því að reglur þessar séu ekki í fullu samræmi við lög um kynrænt sjálfræði nr. 80/2019 sem heimila hlutlausa skráningu kyns í þjóðskrá. Í lögnum er viðurkennt að það séu fleiri en tvö kyn en síðan löggin voru samþykkt hefur myndast þörf á að uppfæra eldri lög, reglugerðir og annað efni til að samræmast lögnum og aðlagast breyttum heimi sem gerir ráð fyrir meiri mannlegri fjölbreytileika. Þá má einnig færa rök fyrir því að þau brjóti gegn réttinum til friðhelgi einkalífs samkvæmt 1. mgr. 71. gr. stjórnarskrárinnar og 8. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu. Undirrituð telja tímabært að fella út kröfu reglanna um að salerni séu aðgreind eftir kyni.

Háskólinn hefur látið útbúa ókyngreind salerni í nokkrum byggingum síðastliðin ár en það eru margar byggingar enn bara útbúnar karla og kvenna salernum. Í sumum byggingum býður arkitektúr húsnæðisins ekki upp á að bæta við salernum og því ætti að vera einföld lausn að breyta merkingum þannig að salernin séu öll ókyngreind í stað þess að bæta við ókyngreindum salernum.

Það þarf ekki að fara mörgum orðum um mikilvægi þess að öll hafi aðgengi að salerni í háskólanum en sú er staðan að í mörgum byggingum að einstaklingar þurfa að fara á milli bygginga til að finna ókyngreind salerni. Það mun sennilega ekki breytast nema reglur um húsnæði séu uppfærðar og krafan um aðgreiningu salerna karla og kvenna sé fjarlægð úr reglunum.

Undirrituð leggja til að skrifstofa Stúdentaráðs beiti sér fyrir því að ráðuneytin tvö uppfæri ofangreindar reglur og reglugerð til að samræmast heimi sem er fyrir fleiri en tvö kyn svo Háskóli Íslands geti gert það líka.

Kristmundur Pétursson, oddviti Röskvu
Rannveig Klara Guðmundsdóttir, hagsmunafulltrúi SHÍ og forseti jafnréttisnefndar SHÍ

b. Mælendaskrá opin:

- a. **Eiður:** *Hvernig ætlið þið að tækla rými sem eru með pissuskálar?*
- b. **Rannveig:** *Það myndi þá útfæra einhverja merkingu fyrir þessi rými.*
- c. **Eiður:** *En þetta eru opin rými.*
- d. **Rannveig:** *Einmitt, þá væru þau merkt sem slík.*
- e. **Daníel:** *Er einhver barátta sem á sér stað af okkar hálfu innan háskólans, burt séð frá kyngreiningunni, að klósettum sé breytt í lokuð rými.*
- f. **Rakel Anna:** *Ekkert slíkt stendur í stefnu Stúdentaráðs.*
- g. **Kristmundur:** *Það er farið nánar út í tæknileg atriði í þessari reglugerð um hollustuhætti, að það er önnur krafa um kyngreiningu þegar eru básar.*
- h. **María:** *Það er einmitt vísað til þessara laga þegar er sagt að lokuð einstaklingsklósett þurfi að vera kyngreind.*

c. Atkvæðagreiðsla

Einróma samþykkt með 17 atkvæðum.

18. Önnur mál

Other issues

- i. *Engin önnur mál.*

19. Bókfærð mál

Recorded issues

a. Hér með tilkynnist að Alex Elí Schweitz Jakobsson segir sig úr sviðsráði menntavísindasviðs. Í hans stað kemur Gunnar Ásgrímsson.

Elísabet Sara Gísladóttir, oddviti Vöku
20. október 2023

b. Selma Gautadóttir mun taka sæti í fjármála- og atvinnulífsnefnd í stað Andra Más Tómassonar.

Kristmundur, oddviti Röskvu (hann)

21. Fundi slitið 19:40